

# Hafna- og atvinnumálaráð.

## Stjórnskipuleg staða

Hafna- og atvinnumálaráð heyrir beint undir bæjarstjórn. Hafnarstjóri starfa með ráðinu.

Hafna- og atvinnumálaráð fer með verkefni hafnarstjórnar skv. hafnarreglugerð og hafnalögum. Ráðið fer með verkefni sem heyra undir málaflokka 41 Hafnarsjóður og 13 Atvinnumál. Helstu stofnanir á verksviði ráðsins eru: Patreksfjarðarhöfn, Bíludalshöfn, Brjánslækjarhöfn, Örlygshöfn, fasteignir og tæki hafnarsjóðs, verndaráætlun og hafnarvarsla. Ráðið fer með atvinnumál þar með talið málefni landbúnaðar- og sjávarútvegs mála s.s minka- og refaeyðingu.

## Skipan ráðsins

Í ráðinu eiga sæti fimm fulltrúar, sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, laga um hafnarmál, ásamt lögum um velferð dýra, laga um búfjárhald, laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa bæjarstjórnar á hafnarstjóri/bæjarstjóri rétt á að sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar kýs formann úr hópi nefndarmanna, ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum.

## Hlutverk

Hlutverk hafna- og atvinnumálaráðs er:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um hafna- og atvinnumál.
- að sinna verkefnum hafnarstjórnar skv. hafnarreglugerð og hafnalögum.
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í hafna- og atvinnumálum.
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í hafna- og atvinnumálum sveitarfélagsins nái fram að ganga,
- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í atvinnu- og markaðsmálum sveitarfélagsins, þar með talin sjávarútvegs mál, landbúnaðarmál og önnur mál er snúa að uppbyggingu atvinnumála í bæjarfélaginu.
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga,
- að starfa með bæjarstjóra/hafnarstjóra.
- að fara með fullnaðarafgreiðsu mála er varða rekstur hafnanna, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t leigu á húsnæði og landi í eigu hafnanna.
- að veita leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur leyfi til að banna eða takmarka afnot á hafnarsvæði fyrir starfsemi sem ráðið telur torvelda eðlilegri hafnarstarfsemi
- að hafa umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnanna.

Hafna- og atvinnumálaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna þeirra stofnana, sem tilheyra verksviði ráðsins og heyra til málaflokkasviðs þess almennt. Leita skal staðfestingar bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsári.

Hafna- og atvinnumálaráð skal hafa faglega umsjón með þeim stofnunum sem á verksviði hennar eru og hafa eftirlit með því að stofnanirnar starfi innan ramma laga og samþykkrar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

## Starfshættir

Um starfshætti hafna- og atvinnumálaráðs gilda ákvæði hafnarreglugerðar fyrir hafnir Vesturbyggðar sem og VI. kafli samþykktar um stjórn Vesturbyggðar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Hafna- og atvinnumálaráð kemur saman fyrir luktum dyrum. Hafna- og atvinnumálaráð er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki og skal það gert í samræmi við 2. mgr. 38. gr. samþykktu um stjórn Vesturbyggðar. Hafna- og atvinnumálaráð gerir samþykkt um reglulegan fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við bæjarstjóra.

Hafna- og atvinnumálaráð skal halda gerðabók og rita fundargerð samkvæmt II. lið 16. gr. um fundarsköp og ritun fundargerða skv. samþykkt um stjórn Vesturbyggðar. Starfsmaður ráðsins hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar, birtir hana á heimasíðu sveitarfélagsins í lok fundar og kemur fundargerðinni til bæjarskrifstofu. Ritari bæjarstjórnar leggur fundargerðina fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Bæjarstjóri/ hafnarstjóri sér um boðun funda í samráði við formann hafna- og atvinnumálaráðs. Fundur í hafna- og atvinnumálaráði boðaður með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund skv. III. kafla samþykktar um stjórn Vesturbyggðar og skulu fundargögn birt með rafrænum hætti á lokaðri fundargátt sveitarfélagsins.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

### Eftirfylgni

Formaður hafna- og atvinnumálaráðs og aðrir fulltrúar í ráðinu skulu snúa sér til bæjarstjóra/ hafnarstjóra með eftirfylgni staðfestra samþykktaráðsins.

### Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í hafna- og atvinnumálaráði gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, hafnalaga, hafnarreglugerðar og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar, eftir atvikum.

Fulltrúa í hafna- og atvinnumálaráði er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann ráðsins vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns hafna- og atvinnumálaráðs a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í hafna- og atvinnumálaráði en eru ekki bundnir að öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn Vesturbyggðar í atkvæðagreiðslu um málefni í ráðinu.

Fundarmenn eru bundir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir hafna- og atvinnumálaráð og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls og lögum hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst þótt nefndarmenn láti af störfum.

Fulltrúi í hafna- og atvinnumálaráði skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varðar hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

### Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal hafna- og atvinnumálaráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfsvið ráðsins heyrir, sérstaklega þó lögum um hafnarmál, velferð dýra, búfjárhald, vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Þá skal hafna- og atvinnumálaráð fylgja sveitarstjórnarlögum, hafnalögum, hafnarreglugerð og samþykkt um stjórn Vesturbyggðar eins og hún er hverju sinni.